



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2020
2005003SA BG
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila) – 644. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 7. apríl sl., um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila).

Samkvæmt upplýsingalögum hefur almenningur ríkan rétt á aðgangi að upplýsingum er til staðar eru hjá opinberum aðilum en óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þegar óskað er eftir aðgang að gögnum er snerta þriðja aðila, þ.e.a.s. annan en þann er óskar eftir gögnunum, þarf því að fara fram hagsmunamat þar sem meðal annars þarf að veita og meta hagsmuni þriðja aðila af leynd og bera þá saman við hagsmuni þess sem óskar eftir aðgangi að gögnum. Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á upplýsingalögum til að styrkja stöðu þriðja aðila þegar kemur að beiðni um aðgang að upplýsingum er snerta hann. Í fyrsta lagi er lögð skylda á opinbera aðila að afla álits þriðja aðila áður en ákvörðun um aðgang að gögnum er veittur, í öðru lagi er kveðið á um skyldu úrskurðarnefndar upplýsingamála til að senda þriðja aðila afrit af úrskurði og í þriðja lagi er tryggður réttur þriðja aðila til að krefjast frestunar réttaráhrifa.

Telja verður að ofangreindar breytingar styrki stöðu þriðja aðila en geti þó leitt til þess að ákvörðun um aðgang að gögnum taki lengri tíma. Má búast við því að oftast komi fyrir að ekki er hægt sé hægt að taka ákvörðun innan 7 daga líkt og 1. mgr. 17. gr. upplýsingalaga kveður á um og fleiri mál muni því vera afgreidd innan 30 daga sbr. 3. mgr. 17. gr. Telja verður að slíkt sé þó ásættanlegt svo hægt sé að tryggja réttindi þriðja aðila.

Athygli vekur að í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um skipun opinberra framkvæmda, nr. 84/2001, með síðari breytingum. Sú breyting felur í sér að vinnugögn í vörslum Framkvæmdasýslu ríkisins og opinbers aðila sem stofnunin á í samskiptum við í tengslum við verkefni sín skv. 1. mgr. teljast áfram vinnugögn í skilningi upplýsingalaga þó að þau berist þeirra á milli. Í greinargerðinni kemur þó ekki skýrt fram hvers vegna umrædd gögn eigi að teljast vinnugögn heldur er eingöngu vísað til þess að Framkvæmdasýslan sinni mikilvægu hlutverki við undirbúning opinberra framkvæmda og taki virkan þátt í mótun þeirra allt frá

hugmyndastigi og því sé lagt til að gögn haldi stöðu sinni sem vinnugögn þegar þau berast milli stofnunarinnar og opinberra aðila er hún liðsinnir.

Framkvæmdasýsla ríkisins þjónar ekki sveitarfélögum. Leita þau því yfirleitt til ráðgjafa á markaði þegar kemur að því að vinna sambærileg verkefni og ráðgjöf og Framkvæmdasýslan sinnir fyrir opinbera aðila á vegum ríkisins. Verði það niðurstaða löggjafans að gögn er fara á milli Framkvæmdasýslunnar og opinberra aðila er þeir aðstoða eigi að teljast vinnugögn þá má ætla að sama nauðsyn eigi við varðandi gögn er berast milli ráðgjafa sveitarfélaga og sveitarfélagsins. En í ljósi þess hve greinargerðin er rýr varðandi nauðsyn þessarar lagabreytingar var erfitt að meta nauðsyn sambærilegs ákvæðis fyrir sveitarfélög og þá hvort og hvernig ætti að útfæra slíkt ákvæði. Sambandið hvetur því til þess að nefndin skoði þetta atriði í vinnu sinni og hvort sambærilegt ákvæði ætti að vera til staðar fyrir sveitarfélög þegar um sambærileg vinnugögn er að ræða.

Lokaorð

Almennt telur sambandið jákvætt að styrkja stöðu þriðja aðila en hvetur til umræðu um 5. gr. og eru starfsmenn sambandsins tilbúnir til að mæta á fund nefndarinnar og fylgja eftir umsögninni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri